

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, Hellisheiðarvirkjun og rannsóknarholur við Hverahlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæði (I1) á Hellisheiði stækkar um 316,6 ha, eða úr 1048,2 ha í 1364,8 ha, vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar. Svæðið er samkvæmt eldra skipulagi skilgreint sem opið óbyggt svæði. Annars vegar stækkar virkjunarsvæði Hellisheiðarvirkjunar til norðausturs á Stóra-Skarðsmýrarfjalli um 269,8 ha, úr 550 ha í 820 ha, þar sem vinnsluholur stækkaðrar virkjunar verða staðsettar. Hins vegar stækkar niðurrennslis-svæði í Svinahrauni (vestursvæði I1) um 46,8 ha og verður 88 ha. Einnig bætast við tvö ný iðnaðarsvæði á kostnað opins óbyggðs svæðis við Hverahlíð (I18) vegna tveggja fyrirhugaðra rannsóknarborhola (Ha og HB) í nágrenni holunnar HE-21.

Í breytingunum felst ennfremur eftirfarandi:

1. Hluti iðnaðarsvæðis á Stóra-Skarðsmýrarfjalli verður innan náttúruverndarsvæðis á náttúruminjaskrá, „N 752, Hengilssvæði“, og innan vatnsverndarsvæðis, þ.e. grannsvæðis II og fjarsvæðis III.
2. Opin svæði til sérstakra nota, „skíðasvæði Víkings í Sleggjubeinsskarði“ og „skíðasvæði ÍR í Hamragili“, breytast í iðnaðarsvæði.
3. Tvö verslunar- og þjónustusvæði (P4) „skíðaskálinn í Hamragili“ og (P5) „skíðaskálinn í Sleggjubeinsskarði“ breytast í iðnaðarsvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Skipulagsáætlunin er undanþegin umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, sbr. 3. mgr. 13. gr. þeirra laga og bréf ráðuneytisins til Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 26. mars 2007.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.